


Losun loftmengunarefna

Samantekt upp úr landsskýrslu um losun
loftmengunarefna á Íslandi frá 1990 til 2022



Útdráttur úr landsskýrslu um losun loftmengunarefna á Íslandi frá 1990 til 2022

Apríl 2024

Útgefandi: Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími 591 2000

www.ust.is

Inngangur

Hver er munurinn á gróðurhúsalofttegundum og loftmengunarefnum, og hvernig snerta loftmengunarefni mig?

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir losun loftmengunarefna á Ísland, ekki er fjallað um losun gróðurhúsalofttegunda í þessari skýrslu. Gróðurhúsalofttegundir og hins vegar loftmengunarefni eru mismunandi í eðli sínu og er mikilvægt að gera greinarmun á milli þessra tveggja fyrirbæra. Líftími þeirra í andrúmslofti er t.d. mjög ólíkur.

Gróðurhúsalofttegundir hafa mjög langan líftíma í andrúmslofti og fyrir sum efnin er hann mældur í áratugum. Það skiptir því engu máli hvar losun gróðurhúsalofttegunda fer fram, áhrif losunar þeirra eru hnattræn. Líftími flestra loftmengunarefna í andrúmslofti er hins vegar mældur í dögum, vikum eða mánuðum og losunarstaður skiptir mjög miklu máli því áhrifin á umhverfið og heilsu fólks er mest nálægt losunarstað.


Almennt séð hafa gróðurhúsalofttegundir ekki bein neikvæð á heilsu fólks meðan loftmengunarefni geta hins vegar haft mikil neikvæð áhrif á heilsu fólks. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir losun brennisteinssambanda (SO_x), köfnunarefnissambanda (NO_x) og svifryks (PM). Þetta eru allt efni sem hafa neikvæð áhrif á heilsu fólks og þessi efni eru einnig mæld í loftgæðamælistöðvum víða um land.

Þó skýrslan sýni ekki upptakastað losunar er rétt að hafa í huga við túlkun niðurstaðna hvar losun fer fram. Þannig sýnir t.d. Mynd 3 að losun á köfnunarefnissamböndum (NO_x) er að miklum meirihluta frá fiskiskipum. En losun fiskiskipa fer hins vegar fram langt úti á sjó fjarri íbúðarbyggð. Þó losun frá vegasamgöngum sé aðeins lítil hluti losunarinnar er það samt sú losun sem hefur mest áhrif á loftgæði á höfuðborgarsvæðinu.

Samsvörun milli upplýsinga um magn losunar annars vegar og þess sem mælist á loftgæðamælum hins vegar er þannig mjög háð því hvar losunin fer fram. Sjá má mikla minnkun í losum NO_x frá fiskiskipum en sá samdráttur hefur hins vegar hverfandi áhrif á það magn sem mælist í Reykjavík því losunin fer að mestu langt út á sjó.

Sagan er þó önnur ef skoðuð er þróun í losun blýs frá umferð og þau gögn borin saman við mælingar á styrk blýs í andrúmslofti í Reykjavík á árunum 1986-1997 má sjá mjög skýrt samband (sjá Mynd 1). Mælingar á blýi í Reykjavík hófust árið 1986 en á þeim tíma var selt blýblandað bensín. Árið 1988 hófst sala á blýlausu bensínu á Íslandi og árið 1996 var sala á blýblönduðu bensíni bönnuð. Styrkur blýs í andrúmslofti í Reykjavík lækkaði í takt við minnkandi sölu á blýbensíni. Losun á blýi út í andrúmsloftið frá bruna bensíns var tæp 50 tonn árið 1986 en var óveruleg árið 1997.

Þetta sýnir fram á mikilvægi þess að haldið sé bókhald yfir losun loftmengunarefna til að hægt sé að greina hvaða aðgerðir þarf til að draga úr losun í þágu heilsu fólks og umhverfis og fylgjast með því hvort aðgerðir séu að skila tilætluðum árangri.



Mynd 1: Samanburður á þróun blýmengunar í Reykjavík og blýmagns í bensíni á tímabilinu 1986-1997. Heimild: Himinn og Haf, 2024 - Birna S. Hallsdóttir, Hrafnhildur Bragadóttir og Evar P. Benediktsson

Samantekt

Losunarbókhald Umhverfisstofnunar heldur utan um losun loftmengunarefna á Íslandi af mannavöldum. Loftmengunarefni hafa skaðleg áhrif á heilsu fólks, vistkerfi og lífríki. Þau hafa einnig áhrif á hnattræna hlýnun, sem forefni gróðurhúsalofttegunda eða með öðrum hætti. Loftmengunarefni má flokka í þrennt; óbeinar gróðurhúsalofttegundir (ásamt svifryki og sóti), þrávirk lífræn efni og þungmálma.

Helstu uppsprettur óbeinna gróðurhúsalofttegunda (SO_x, NO_x, NH₃, NMVOC og CO) á Íslandi eru jarðvarmavirkjanir (SO_x), fiskiskip (NO_x), landbúnaður (NH₃), notkun leysiefna og meðhöndlun húsdýraáburðar (NMVOC) og álframleiðsla (CO). Svifryk (PM_{2,5}, PM₁₀ og TSP) og sótt (BC) koma aðallega frá iðnaði, vegasamgöngum, fiskiskipum og mannvirkjagerð. Árið 2009 var þaktílskipunin (2001/81/EB) felld inn í EES-samninginn og með henni er sett þak á árlega losun SO₂, NO_x, NMVOC og NH₃. Tafla 1 sýnir yfirlit yfir breytingar á losun þessara efna frá árinu 1990.

Tafla 1: Losun SO_x, NO_x, NH₃, NMVOC, CO, svifryks og sóts (BC) síðan 1990.

	SO _x [kt SO ₂]	NO _x [kt NO ₂]	NH ₃ [kt]	NMVOC [kt]	CO [kt]	PM _{2,5} [kt]	PM ₁₀ [kt]	TSP [kt]	BC [kt]
1990	18,8	28,8	5,14	9,40	56,3	1,40	2,98	6,37	0,231
2022	62,0	18,2	4,41	5,59	105	0,96	2,17	3,98	0,091
Breyting 1990-2022	+230%	-37%	-14%	-41%	+87%	-32%	-27%	-37%	-61%

Á Íslandi losna þrávirk lífræn efni (POPs, persistent organic pollutants) aðallega við bruna á úrgangi, bruna á eldsneyti og vegna framleiðsluiðnaðar. Ísland hefur skuldbundið sig til að draga úr losun á helstu þrávirkum lífrænum efnum, skv. Árórsabókuninni um þrálát lífræn efni sem innleidd var í íslenskan rétt árið 2013. Tafla 2 sýnir að verulega hefur dregið úr losun á díoxíni, PAH4, HCB og PCB frá 1990.

Tafla 2: Yfirlit yfir losun þrávirkra lífrænna efna (POPs) síðan 1990.

	Díoxín [g I-TEQ]	PAH4 [t]	HCB [kg]	PCB [kg]
1990	10,7	0,587	0,267	0,300
2022	0,73	0,084	0,114	0,016
Breyting 1990-2022	-93%	-86%	-58%	-95%

Uppsprettur þungmálma sem losna út í andrúmsloftið eru meðal annars álframleiðsla, vegasamgöngur, fiskiskip og flugeldanotkun. Ísland skrifaði undir Árórsabókunina um þungmálma árið 1998 en hún hefur ekki verið fullgild. Tafla 3 sýnir yfirlit yfir losun þungmálma frá árinu 1990. Misjafnt er eftir þungmálum hvort losun hafi aukist eða dregist saman frá árinu 1990.

Tafla 3: Yfirlit yfir losun þungmálma síðan 1990.

	Pb [t]	Cd [t]	Hg [t]	As [t]	Cr [t]	Cu [t]	Ni [t]	Se [t]	Zn [t]
1990	0,88	0,022	0,140	0,070	0,12	1,71	1,72	0,035	2,31
2022	0,69	0,131	0,010	0,145	0,24	3,43	1,86	0,020	5,70

	Pb [t]	Cd [t]	Hg [t]	As [t]	Cr [t]	Cu [t]	Ni [t]	Se [t]	Zn [t]
Breyting 1990-2022	-22%	+486%	-93%	+106%	+96%	+101%	+9%	-44%	+147%

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Samantekt	5
Losunarbókhald Umhverfisstofnunar um losun loftmengunarefna	8
1. Losun óbeinna gróðurhúsalofttegunda, svifryks og sóts	9
Brennisteinsdíoxíð - SO ₂ (SO _x)	10
Köfnunarefnisdíoxíð - NO ₂ (NO _x)	11
Ammóníak - NH ₃	12
Rokgjörn, lífræn efnasambönd - NMVOC	14
Svifryk	15
Sót - BC	19
Kolmónoxíð - CO	21
2. Losun þrávirkra lífrænna efna (POPs)	23
Díoxín/fúran (PCDD/PCDF)	24
Fjölhringja arómatísk vetniskolefni - PAH4	25
Hexaklóróbensen - HCB	27
Pólíklórbífenýlsambönd - PCB	28
3. Losun þungmálma	31
Blý, kadmín og kvikasílfur (Pb, Cd og Hg)	32
Arsen, króm, kopar, nikkell, selen, sink (As, Cr, Cu, Ni, Se, Zn)	36

Losunarbókhald Umhverfisstofnunar um losun loftmengunarefna

Ár hvert skilar Umhverfisstofnun skýrslu um losun loftmengunarefna á Íslandi frá árinu 1990 til skrifstofu samnings Sameinuðu þjóðanna um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (The United Nations Convention on Long-range Transboundary Air Pollution (LRTAP Convention)). Samningurinn tók gildi árið 1983 og hefur 51 ríki, þar á meðal Ísland, fullgilt hann.

Til viðbótar við LRTAP samninginn hefur Ísland líka skrifað undir báðar Árósar-bókanirnar um þungmálma og þrávirk lífræn efni. Ísland hefur aðeins fullgilt bókunina um þrávirku lífrænu efnin.

Í losunarbókhaldinu er reiknuð losun ýmissa loftmengunarefna á Íslandi, bæði þá losun sem fellur innan Árósar-bókanirnar um þungmálma og þrávirk lífræn efni og einnig losun annarra loftmengunarefna, t.a.m. óbeinar gróðurhúsalofttegundir.

Fyrir 15. mars ár hvert (x) skila ríki Landsskýrslu um losun loftmengunarefna (IIR, Informative Inventory Report) og tölulegum upplýsingum til LRTAP fyrir árin frá 1990 til ársins $x - 2$.

Losun Íslands er flokkuð eftir uppsprettum losunarinnar í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar Evrópu (EEA) og EMEP (European Monitoring and Evaluation Programme). Flokkarnir eru; orka, iðnaðarferlar og efnanotkun, landbúnaður og úrgangur.

Ítarlegar upplýsingar um losun loftmengunarefna á Íslandi síðan 1990 má nálgast í nýjustu [Landsskýrslu](#) um losun loftmengunarefna á Íslandi sem falla undir LRTAP samninginn.

1. Losun óbeinna gróðurhúsalofttegunda, svifryks og sóts

Óbeinar gróðurhúsalofttegundir (SO_x , NO_x , NH_3 , NMVOC og CO), sem stuðla að hnattrænni hlýnun, eru metnar í losunarbókhaldi Umhverfisstofnunar. Þær hafa áhrif á myndun og líftíma gróðurhúsalofttegunda ásamt því að hafa áhrif á eiginleika andrúmsloftsins. Einnig hafa forefnin skaðleg áhrif á heilsu fólks. Helstu uppsprettur þeirra eru jarðvarmavirkjanir (SO_x - oxun af H_2S), fiskiskip (NO_x), landbúnaður (NH_3), notkun leysiefna og meðhöndlun húsdýraáburðar (NMVOC) og álframleiðsla (CO).

Að auki eru í losunarbókhaldinu svifryk ($PM_{2,5}$, PM_{10} og TSP) og sótt (BC) sem kemur aðallega frá iðnaði, vegasamgöngum, fiskiskipum og mannvirkjagerð. Svifryk og sótt hafa áhrif á hitastig jarðar og skaðleg áhrif á heilsu fólks.

Bókhald Umhverfisstofnunar heldur utan um eftirfarandi efni;

Brennisteinsdíoxíð - SO_x (SO_2 ígildi)

Köfnunarefnisdíoxíð - NO_x (NO_2 ígildi)

Ammóníak - NH_3

Rokgjörn lífræn efnasambönd - NMVOC (non-methane volatile organic compounds)

Kolmónoxíð - CO

Svifryk - TSP, PM_{10} og $PM_{2,5}$ (total suspended particulate og particulate matter)

Sótt - BC (black carbon)

Tafla 4 sýnir yfirlit yfir breytingar á losun þessara efna frá árinu 1990.

Tafla 4: Losun SO_x , NO_x , NH_3 , NMVOC, svifryks, sóts og CO síðan 1990.

	SO_x [kt SO_2]	NO_x [kt NO_2]	NH_3 [kt]	NMVOC [kt]	CO [kt]	$PM_{2,5}$ [kt]	PM_{10} [kt]	TSP [kt]	BC [kt]
1990	18,8	28,8	5,14	9,40	56,3	1,40	2,98	6,37	0,231
2005	37,2	26,7	4,45	7,15	50,2	1,44	2,93	5,78	0,231
2022	62,0	18,2	4,41	5,59	105	0,96	2,17	3,98	0,091
Breyting 2005-2022	+67%	-32%	-0,95%	-22%	+109%	-33%	-26%	-31%	-61%
Breyting 1990-2022	+230%	-37%	-14%	-41%	+87%	-32%	-27%	-37%	-61%

Brennisteinsdíoxíð - SO₂ (SO_x)

Losun brennisteinsoxíða (SO_x) er að mestu frá jarðvarmavirkjunum (oxun af H₂S). Engin brennisteinslosun er frá landbúnaði. Losun á SO_x á Íslandi er fyrst og fremst frá eftirfarandi uppsprettum:

Jarðvarmavirkjanir: Jarðvarmavirkjanir eru stærsta uppspretta brennisteinslosunar á Íslandi. Í jarðvarmavirkjunum losnar brennisteinsvetni (H₂S) við jarðhitavinnslu. Meginhluti þess oxast í SO₂. Samkvæmt reglum um gerð losunarbókhalds loftmengunarefna skal telja losun allra brennisteinssambanda, þar með talið H₂S, sem ígildi SO₂. Frá 1990 hefur losun brennisteinssambanda aukist vegna aukinnar orkuframleiðslu jarðvarmavirkjana. Síðustu ár hefur losunin þó minnkað hlutfallslega í kjölfar verkefna þar sem brennisteinsvetni er dælt ofan í jörðina. H₂S er þá aðgreint úr gufunni, leyst upp í vatni og dælt djúpt niður í basaltbergglög þar sem það breytist í steindir.


Álframleiðsla: Ál er framleitt í þremur álverum á Íslandi. Brennisteinslosun á sér stað í framleiðsluferlinu. Losunin jókst árið 1998 vegna nýs álvers sem þá var tekið í notkun og enn frekar árið 2006-2008 vegna stækkunar eins álvers og opnun annars. Losunin frá álframleiðslu hefur verið nokkuð stöðug frá 2008.

Málblendir: Tvær málblendir verksmiðjur eru starfandi á Íslandi. Önnur hefur framleitt 75% kísiljárn (FeSi75) síðan 1979 en hin hóf framleiðslu á ≥98,5% kísli árið 2018. Þriðja verksmiðjan framleiddi kísil milli 2016-2017. Brennisteinslosun á sér stað í framleiðsluferlinu.

Tafla 5 sýnir losun á SO_x á Íslandi frá árinu 1990 skipt eftir helstu uppsprettum. Mynd 2 sýnir losunina yfir tímalínuna myndrænt ásamt þakinu sem hefur verið sett á losunina skv. Þaktilskipuninni.

Tafla 5: SO_x losun frá helstu uppsprettum síðan 1990 [kt SO₂].

SO _x losun [kt SO ₂]	1990	1995	2000	2005	2010	2015	2020	2021	2022	Munur '90-'22	Munur '05-'22	Munur '21-'22
Jarðvarmavirkjanir	13,3	11,0	26,0	30,3	58,7	42,4	39,3	47,7	48,9	+267%	+61%	+2,4%
Álframleiðsla	1,34	1,36	2,94	3,41	9,93	11,5	9,80	10,4	10,7	+705%	+215%	+3,3%
Málblendir	1,85	1,38	2,04	2,64	2,37	2,06	1,95	1,90	2,26	+22%	-15%	+19%
Annað	2,25	2,10	1,96	0,88	0,37	0,19	0,043	0,065	0,11	-95%	-87%	+75%
Samtals [kt]	18,8	15,8	32,7	37,2	71,3	56,1	51,1	60,1	62,0	+230%	+67%	+3,2%



Mynd 2: Losun á brennisteinsoxíðum (SO_x) frá 1990, skipt eftir uppsprettum losunar. Losun H_2S frá jarðvarmavirkjunum er reiknuð yfir í SO_2 ígildi. Rauða lárétta línan sýnir þakið skv. Þaktilskipuninni.

Köfnunarefnisdíoxíð - NO_2 (NO_x)

Við eldsneytisbruna myndast köfnunarefnismónoxíð (NO) þegar köfnunarefni og súrefni hvarfast saman við hátt hitastig. Í andrúmsloftinu oxast svo köfnunarefnismónoxíð yfir í köfnunarefnisdíoxíð (NO_2). Dregið hefur úr losun á NO_x frá 1990. Losun á NO_x á Íslandi stafar fyrst og fremst af eftirfarandi uppsprettum:

Fiskiskip: Samdráttur í losun er að mestu vegna minni eldsneytisnotkunar fiskiskipaflotans. Losun jókst þó á tímabilinu 1990-1996 þar sem hluti flotans sigldi óvenjulangt til veiða. Frá árinu 1996 hefur losun farið minnkandi með sveiflum sem endurspeglar breytingar á aflamagni, fiskistofnum og öðrum náttúrulegum þáttum ásamt endurnýjun skipa og bættri orkunýtni. Losun er minni nú en hún var árið 1990.

Vegasamgöngur: Losun frá vegasamgöngum hefur minnkað talsvert, sérstaklega frá fólksbílum. Samdráttinn má að mestu rekja til tilkomu hvarfakúta frá árinu 1995 þó svo að eldsneytisnotkun hafi aukist á sama tíma.

Málmblendi: NO_x losun helst í hendur við framleiðslumagn. Tvær verksmiðjur eru starfandi á Íslandi. Önnur hefur framleitt 75% kísiljárn ($FeSi75$) síðan 1979 og hin hóf framleiðslu á $\geq 98,5\%$ kísli árið 2018. Þriðja verksmiðjan framleiddi kísil milli 2016 og 2017 en hefur ekki framleitt síðan 2017.

Álframleiðsla: NO_x losun helst í hendur við framleiðslumagn. Ál er framleitt í þremur álverum á Íslandi. Aukningin í losun yfir tímálínuna er vegna stækkunar áliðnaðarinnar.


Fiskimjölverksmiðjur og önnur matvælavinnsla: Frá 1990 hefur þessi losun að mestu komið frá framleiðslu fiskimjöls en önnur matvælavinnsla er farin að eiga stærri

þátt á seinni árum. Losun frá fiskimjölsversksmiðjum dróst mikið saman með rafvæðingu þeirra en aukning hefur orðið síðustu ár vegna raforkuskerðingar.

Tafla 6 sýnir losun á NO_x á Íslandi frá árinu 1990 skipt eftir helstu uppsprettum. Mynd 3 sýnir losunina yfir tímalínuna myndrænt.

Tafla 6: NO_x losun frá helstu uppsprettum síðan 1990 [kt NO₂].

NO _x losun [kt NO ₂]	1990	1995	2000	2005	2010	2015	2020	2021	2022	Munur '90-'22	Munur '05-'22	Munur '21-'22
Fiskiskip	17,1	20,7	20,1	16,7	16,3	13,9	11,5	12,9	10,9	-36%	-35%	-15,6%
Vegasamgöngur	5,86	5,27	3,92	3,41	2,50	2,50	1,81	1,76	1,76	-70%	-49%	-0,34%
Málmblendi	0,69	0,79	1,20	1,22	1,12	1,30	1,30	1,50	1,64	+138%	+35%	+9,8%
Álframleiðsla	0,061	0,069	0,17	0,22	0,76	0,80	0,77	0,77	0,78	+1179%	+258%	+0,57%
Eldsneytisbruni í framleiðslugreinum	0,85	1,01	0,75	0,44	0,37	0,30	0,11	0,15	0,54	-36%	+22%	+251%
Annað	4,26	4,37	4,62	4,76	3,35	3,17	2,41	2,36	2,59	-39%	-46%	+9,6%
Samtals [kt]	28,8	32,2	30,7	26,7	24,4	22,0	17,9	19,4	18,2	-37%	-32%	-6,5%



Mynd 3: Losun á köfnunarefnisoxíðum (NO_x) frá 1990, skipt eftir uppsprettum losunar.

Ammóníak - NH₃

Ammóníaklosun er að mestu frá landbúnaði og hefur haldist svipuð undanfarna áratugi. Helsta ástæða breytileika er breyting á húsdýrafjölda. Losun NH₃ á Íslandi er fyrst og fremst frá eftirfarandi uppsprettum:

Meðhöndlun húsdýraáburðar: Helsta ástæða breyttrar losunar er breyting á fjölda sauðfjár og nautgripa. Ekki hafa orðið miklar breytingar á aðferðum við meðhöndlun húsdýraáburðar. Undanfarin ár hefur fjöldi sauðfjár og mjólkurkúa dregist saman á meðan fjöldi annarra nautgripa hefur aukist.


Húsdýraáburði dreift á jarðveg: Losun sveiflast yfir tímalínuna til samræmis við breytingar í fjölda húsdýra en hefur dregist saman síðastliðin ár.

Þvagefni og húsdýraáburður frá dýrum á beit: Losun sveiflast yfir tímalínuna til samræmis við breytingar í fjölda húsdýra en hefur dregist saman síðastliðin ár.

Tafla 7 sýnir losun á NH₃ á Íslandi frá árinu 1990 skipt eftir helstu uppsprettum. Mynd 4 sýnir losunina yfir tímalínuna myndrænt.

Tafla 7: NH₃ losun frá helstu uppsprettum síðan 1990 [kt].

NH ₃ losun [kt]	1990	1995	2000	2005	2010	2015	2020	2021	2022	Munur '90-'22	Munur '05-'22	Munur '21-'22
Dreifing húsdýraáburðar	1,59	1,37	1,39	1,29	1,33	1,37	1,30	1,30	1,28	-19%	-0,66%	-0,94%
Húsdýraáburður frá dýrum á beit	0,82	0,81	0,79	0,79	0,81	0,81	0,74	0,72	0,71	-13%	-11%	-1,6%
Meðhöndlun húsdýraáburðar - Mjólkurkúr	0,69	0,69	0,66	0,62	0,66	0,70	0,67	0,67	0,67	-3,1%	+8,3%	-0,17%
Meðhöndlun húsdýraáburðar - Sauðfé	0,75	0,63	0,65	0,63	0,66	0,62	0,50	0,50	0,48	-36%	-24%	-4,2%
Meðhöndlun húsdýraáburðar - Aðrir nautgripir	0,48	0,45	0,43	0,38	0,42	0,45	0,47	0,47	0,46	-3,6%	+20%	-1,9%
Ólifrænn köfnunarefnis-áburður	0,26	0,18	0,20	0,16	0,24	0,27	0,30	0,34	0,34	+33%	+119%	+15%
Annað	0,82	0,40	0,57	0,58	0,53	0,51	0,45	0,44	0,47	-43%	-20%	+5,5%
Samtals [kt]	5,14	4,52	4,68	4,45	4,66	4,74	4,43	4,40	4,41	-14%	-1,0%	+0,33%



Mynd 4: Losun á ammóníaki (NH₃) frá 1990, skipt eftir uppsprettum losunar.

Rokgjörn, lífræn efnasambönd - NMVOC

Samdrátt á losun rokgjarna lífrænna efnasambanda (NMVOC, non-methane volatile organic compounds) á Íslandi má að mestu skýra með minni losun frá vegasamgöngum. Losun NMVOC á Íslandi er fyrst og fremst frá eftirfarandi uppsprettum:

Leysiefni og önnur efnanoktun: Lítil breyting hefur átt sér stað á tímabilinu. Einhver aukning hefur orðið á losun sem skýra má með fólksfjölgun sem hefur leitt til meiri efnanoktunar.

Meðhöndlun húsdýraáburðar: Meðhöndlun húsdýraáburðar frá hestum og nautgripum er stærsti þáttur losunar frá landbúnaði. Sveiflur í losun frá 1990 má að mestu rekja til sveiflna í dýrafjölda.

Matvæla- og drykkjaframleiðsla: Aukninguna á losun má skýra með aukningu í áfengisframleiðslu undanfarin ár.

Urðun úrgangs: Samdrátt á losun má skýra með því að minna magn úrgangs er urðað en áður.

Vegasamgöngur: Samdrátt í losun frá 1990 má að mestu skýra með endurnýjun bílaflotans þar sem kröfur um minni losun loftmengunarefna frá bílvélum hafa aukist.


Fiskiskip: Samdráttur í losun er að mestu vegna minni eldsneytisnotkunar fiskiflotans. Losun jókst þó á tímabilinu 1990-1996 þar sem hluti flotans sigldi óvenjulangt til veiða. Frá árinu 1996 hefur losun farið minnkandi með sveiflum sem endurspeglast í breytingum á aflamagni, fiskistofnum og öðrum náttúrulegum

þáttum ásamt endurnýjun skipa og bættri orkunýtni. Losun er minni nú en hún var árið 1990.

Tafla 8 sýnir losun á NMVOC á Íslandi frá árinu 1990 eftir helstu uppsprettum. Mynd 5 sýnir losunina á tímabilinu myndrænt.

Tafla 8: NMVOC losun frá helstu uppsprettum síðan 1990 [kt].

NMVOC losun [kt]	1990	1995	2000	2005	2010	2015	2020	2021	2022	Munur '90-'22	Munur '05-'22	Munur '21-'22
Meðhöndlun húsdýraáburðar	1,64	1,57	1,54	1,51	1,59	1,67	1,55	1,52	1,50	-8,3%	-0,31%	-1,1%
Leysiefni og önnur efnanotkun	1,35	1,45	1,61	1,58	1,38	1,45	1,58	1,53	1,51	+11,8%	-4,5%	-1,3%
Matvæla- og drykkjaframleiðsla	0,15	0,16	0,17	0,18	0,17	0,28	0,40	0,48	0,46	+197%	+159%	-5,1%
Fiskiskip	0,41	0,50	0,49	0,40	0,39	0,34	0,28	0,31	0,26	-36%	-35%	-16%
Urðun úrgangs	0,49	0,49	0,53	0,54	0,26	0,31	0,30	0,27	0,23	-54%	-58%	-16%
Vegasamgöngur	4,62	4,14	3,01	2,00	1,12	0,78	0,60	0,62	0,66	-86%	-67%	+6,6%
Annað	0,73	0,75	0,90	0,94	0,73	0,93	0,54	0,67	0,97	+32%	+3,3%	+46%
Samtals [kt]	9,40	9,06	8,25	7,15	5,64	5,75	5,24	5,40	5,59	-41%	-22%	+3,5%



Mynd 5: Losun á rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum (NMVOC) frá 1990, skipt eftir uppsprettum losunar.

Svifryk

Svifryk skiptist í þrennt eftir stærð, óháð efnasamsetningu. TSP (total suspended particulate, agnir innan við 50-100 μm í þvermál), PM_{10} (particulate matter, agnir innan við 10 μm í þvermál) og $\text{PM}_{2,5}$ (particulate matter, agnir innan við 2,5 μm í þvermál). Allt $\text{PM}_{2,5}$ er innan PM_{10} og allt PM_{10} er innan TSP. Eldgos losa mikið af svifryki en eru ekki talin með hér þar sem sú losun stafar ekki af mannavöldum. Losun svifryks á Íslandi er fyrst og fremst frá eftirfarandi uppsprettum:

Málmiðnaður: Svifrykslosun frá álverum og málblendri helst að mestu í hendur við framleiðslumagn. Aukningin á tímabilinu endurspeglar stækkun iðnaðarins.

Vegasamgöngur: Sveiflur í svifrykslosun eru vegna breytinga á mengunarvarnarbúnaði, aukningar á eldsneytisnotkun og aukningar á fjölda ekinna kílómetra.

Fiskiskip: Samdráttur í losun er að mestu vegna minni eldsneytisnotkunar fiskiflotans. Losun jókst þó á tímabilinu 1990-1996 þar sem hluti flotans sigldi óvenjulangt til veiða. Frá árinu 1996 hefur losun farið minnkandi með sveiflum sem endurspeglar breytingu á aflamagni, fiskistofnum og öðrum náttúrulegum þáttum, ásamt endurnýjun skipa og bættri orkunýtni.

Mannvirkjagerð og niðurrif og grjótnám og námuvinnsla steinefna: Losunin helst í hendur við magn byggingaframkvæmda og vegagerðar. Helsta ástæðan fyrir samdrætti í losun á tímabilinu er minni vegalagning.

Framleiðslugreinar og byggingariðnaður: Losunin miðast við framleiðslumagn og umsvif annars vegar og gerð orkugjafa sem notaðir eru við framleiðsluna hins vegar. Stærstu losunarbættirnir eru bruni á kolum við sementsframleiðslu, þar til framleiðslu var hætt árið 2012, og mikil umsvif í byggingariðnaði áratuginn fyrir efnahagshrunið. Þessi losun hefur dregist töluvert saman frá árinu 2008.


Opinn bruni á úrgangi: Opinn bruni á úrgangi var tiltölulega algengur á fyrri hluta tíunda áratugar 20. aldar en viðgengst ekki lengur. Frá árinu 2010 hafa áramóta- og þrettándabrennur verið eina uppspretta losunar í þessum undirgeira. Árin 2020 og 2021 voru einungis örfáar brennur vegna COVID-19 faraldursins.

Hitaveitur: Hitaveitur sem byggja á sorpbrennslu voru í notkun frá 1993 til 2013 sem leiddi til töluverðrar losunar.

Tafla 9 sýnir losun á PM_{2,5} á Íslandi frá árinu 1990 skipt eftir helstu uppsprettum. Mynd 6 sýnir losunina á tímabilinu myndrænt.

Tafla 9: PM_{2,5} losun frá helstu uppsprettum síðan 1990 [t].

PM _{2,5} losun [kt]	1990	1995	2000	2005	2010	2015	2020	2021	2022	Munur '90-'22	Munur '05-'22	Munur '21-'22
Málmiðnaður	95	108	169	186	268	359	245	229	254	+167%	+37%	+11%
Vegasamgöngur	235	252	261	315	297	275	264	281	297	+26%	-5,7%	+5,8%
Fiskiskip	402	545	391	384	533	425	170	191	161	-60%	-58%	-16%
Mannvirkjagerð og niðurrif	117	145	128	93	185	29	62	68	47	-60%	-50%	-31%
Grjótnám og námuvinnsla steinefna	109	109	103	57	89	22	6,8	24	28	-74%	-51%	+15%
Framleiðslugreinar og byggingariðnaður	142	125	153	141	64	51	21	32	46	-67%	-67%	+46%
Opinn bruni á úrgangi	159	111	67	9,8	7,6	7,1	0,85	0,36	7,1	-96%	-27%	+1900%
Hitaveitur	2,3	45,2	55,8	54,9	74,6	0,11	0,00	4,4E-03	0,024	-99%	-100%	+461%
Annað	140	155	165	196	148	135	117	108	116	-17%	-41%	+8,0%
Samtals [kt]	1.403	1.596	1.494	1.435	1.666	1.304	887	933	957	-32%	-33%	+2,6%




Mynd 6: Losun á svifryki ($PM_{2.5}$) frá 1990, skipt eftir uppsprettum losunar.

Tafla 10 sýnir losun á PM_{10} á Íslandi frá árinu 1990 skipt eftir helstu uppsprettum. Mynd 7 sýnir losunina á tímabilinu myndrænt.

Tafla 10: PM_{10} losun frá helstu uppsprettum síðan 1990 [kt].

PM_{10} losun [kt]	1990	1995	2000	2005	2010	2015	2020	2021	2022	Munur '90-'22	Munur '05-'22	Munur '21-'22
Mannvirkjagerð og niðurrif	1,17	1,45	1,28	0,93	1,85	0,29	0,62	0,68	0,47	-60%	-50%	-31%
Vegasamgöngur	0,34	0,36	0,38	0,48	0,47	0,46	0,47	0,50	0,53	+58%	+12%	+6,2%
Málmiðnaður	0,17	0,20	0,32	0,37	0,59	0,72	0,52	0,51	0,57	+230%	+56%	+11%
Grjótnám og námuvinnsla steinefna annarra en kola	0,31	0,31	0,29	0,16	0,25	0,062	0,019	0,069	0,079	-74%	-51%	+15%
Fiskiskip	0,40	0,55	0,39	0,38	0,53	0,43	0,17	0,19	0,16	-60%	-58%	-16%
Flugeldar	0,011	0,014	0,038	0,064	0,049	0,060	0,049	0,053	0,069	+503%	+7,7%	+31%
Opinn bruni á úrgangi	0,17	0,12	0,073	0,011	0,0082	0,0077	9,2E-4	3,8E-4	7,7E-3	-96%	-27%	+1900%
Annað	0,41	0,45	0,51	0,54	0,44	0,30	0,26	0,26	0,28	-31%	-47%	+7,6%
Samtals [kt]	2,98	3,45	3,29	2,93	4,18	2,32	2,11	2,27	2,17	-27%	-26%	-4,4%




Mynd 7: Losun á svifryki (PM₁₀) frá 1990, skipt eftir uppsprettum losunar.

Tafla 11 sýnir losun á TSP á Íslandi frá árinu 1990 skipt eftir helstu uppsprettum. Mynd 8 sýnir losunina á tímabilinu myndrætt.

Tafla 11: TSP losun frá helstu uppsprettum síðan 1990 [kt].

TSP losun [kt]	1990	1995	2000	2005	2010	2015	2020	2021	2022	Munur '90-'22	Munur '05-'22	Munur '21-'22
Mannvirkjagerð og niðurrif	3,91	4,86	4,28	3,10	6,19	0,96	2,07	2,27	1,56	-60%	-50%	-31%
Vegasamgöngur	0,53	0,56	0,61	0,78	0,78	0,81	0,84	0,91	0,97	+84%	+25%	6,6%
Grjót nám og námuvinnsla steinefna annarra en kola	0,65	0,65	0,62	0,34	0,53	0,13	0,041	0,15	0,17	-74%	-51%	15%
Málmiðnaður	0,21	0,23	0,37	0,44	0,70	0,86	0,62	0,61	0,68	+231%	+56%	11%
Fiskiskip	0,40	0,55	0,39	0,38	0,53	0,43	0,17	0,19	0,16	-60%	-58%	-16%
Annað	0,67	0,68	0,73	0,73	0,62	0,45	0,39	0,40	0,44	-34%	-40%	+11%
Samtals [kt]	6,37	7,54	7,01	5,78	9,35	3,64	4,14	4,53	3,98	-37%	-31%	-12%



Mynd 8: Losun á svifryki (TSP) frá 1990, skipt eftir uppsprettum losunar.

Sót - BC

Megnið af sótlosun (BC, black carbon) er vegna eldsneytisbruna. Heildarlosun á sóti hefur minnkað frá árinu 1990, að miklu leyti vegna samdráttar í eldsneytisnotkun og betri mengunarvarnarbúnaðar. Engin sótlosun er frá landbúnaði. Frekari upplýsingar um sótt má nálgast í [skýrslum vinnuhóps Norðurskautsráðsins um sótt og metan](#). Losun sóts á Íslandi er fyrst og fremst frá eftirfarandi uppsprettum:

Vegasamgöngur: Sveiflur í sóttlosun eru vegna breytinga á mengunarvarnarbúnaði og stærð bílaflotans.

Vélar og tæki (annað): Á árunum fyrir efnahagshrunið 2008 var aukning á eldsneytisnotkun á vélum og tækjum sem leiddi til aukinnar losunar. Síðan hefur eldsneytisnotkun og losun minnkað talsvert.¹

Fiskimjölverskmiðjur og önnur matvælavinnsla: Frá 1990 hefur þessi losun að mestu komið frá framleiðslu fiskimjöls en önnur matvælavinnsla er farin að eiga stærri þátt á seinni árum. Losun frá fiskimjölverskmiðjum dróst mikið saman með rafvæðingu þeirra en aukning hefur orðið síðustu ár vegna raforkuskerðingar.

Fiskiskip: Samdráttur í losun er að mestu vegna minni eldsneytisnotkunar fiskiflotans. Losun jókst þó á tímabilinu 1990-1996 þar sem hluti flotans sigldi óvenjulangt til veiða. Frá árinu 1996 hefur losun farið minnkandi með sveiflum sem endurspeglast í breytingum á aflamagni, fiskistofnum og öðrum náttúrulegum þáttum ásamt endurnýjun skipa og bættri orkunýtni.

¹ Hafa ber í huga að ekki er hægt að bera saman losunina árið 2019-2022 við önnur ár í tímalínunni í þessum undirgeira vegna lagfæringa í losunarbókhaldinu sem ekki er lokið.


Málmiðnaður: Sótlosun frá málmiðnaði fylgir framleiðslumagni að mestu. Aukningin á tímabilinu endurspeglar stækkun iðnaðarins.

Opinn bruni á úrgangi: Opinn bruni á úrgangi var tiltölulega algengur á fyrri hluta tíunda áratugar 20. aldar en viðgengst ekki lengur. Frá árinu 2010 hafa áramóta- og þrettándabrennur verið eina uppspretta losunar í þessum undirgeira. Árin 2020 og 2021 voru einungis örfáar brennur vegna COVID-19 faraldursins.

Tafla 12 sýnir losun á sóti á Íslandi frá árinu 1990 skipt eftir helstu uppsprettum. Mynd 9 sýnir losunina á tímabilinu myndrænt.

Tafla 12: Sótlosun (BC) frá helstu uppsprettum síðan 1990 [t].

Sótlosun [t]	1990	1995	2000	2005	2010	2015	2020	2021	2022	Munur '90-'22	Munur '05-'22	Munur '21-'22
Vegasamgöngur	68	74	75	92	84	57	40	38	38	-43%	-58%	+0,86%
Framleiðslugreinar og byggingariðnaður	17	21	28	31	15	15	9,9	8,4	8,2	-53%	-73%	-2,9%
Vélar og tæki í landbúnaði	56	61	72	70	33	31	13	19	27	-52%	-61%	+44%
Fiskiskip	13	16	14	13	14	12	7,7	8,6	7,3	-44%	-42%	-16%
Málmiðnaður	0,15	0,17	0,69	1,0	3,5	3,6	6,6	4,2	4,8	+3121%	+364%	+14%
Opinn bruni á úrgangi	67	47	28	4,1	3,2	3,0	0,36	0,15	3,0	-96%	-27%	+1900%
Annað	9,3	13	16	21	14	7,6	6,5	2,8	2,0	-79%	-90%	-29%
Samtals [t]	231	232	234	231	166	129	83	81	91	-61%	-61%	+12%



Mynd 9: Losun á sóti (BC) frá 1990, skipt eftir uppsprettum losunar.

Kolmónoxíð - CO

Í dag er losun á kolmónoxíði (CO) aðallega frá málmiðnaði en var áður einkum frá vegasamgöngum. Losun frá samgöngum hefur þó minnkað töluvert vegna betri mengunarvarnarbúnaðar í ökutækjum. Losun CO á Íslandi er fyrst og fremst frá eftirfarandi uppsprettum:

Álframleiðsla: Helsta uppspretta CO losunar er álframleiðsla. Aukin losun frá álframleiðslu er unnt að skýra með framleiðsluaukningu.


Vegasamgöngur: Á tíunda áratugnum var meirihluti CO losunar frá vegasamgöngum. Losunin hefur farið minnkandi síðan 1990 vegna betri mengunarvarnarbúnaðar og er nú lítill hluti losunar landsins.

